

Eftirfylgni: *Lækningaminjasafn Íslands*

Niðurstaða

Ríkisendurskoðun ítrekar ekki ábendingar sínar til forsætisráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis frá 2014 um Lækningaminjasafn Íslands og framtíðarfyrikomulag lækningaminja. Mennta- og menningarmálaráðuneyti vinnur nú að endurheimt stofnkostnaðar ríkisins vegna brostins samnings við Seltjarnarnesbæ um húsnæði safnsins. Þá er fyrrum safnkostur þess í umsjá Þjóðminjasafns Íslands og varðveittur þar við góð skilyrði. Loks hefur ráðuneytið lagt aukna áherslu á ábyrgð og eftirlit við gerð samninga á menningarsviði. Ríkisendurskoðun hvetur stjórnvöld engu að síður til að standa við skuldbindingar sínar að nýta erfðagjöf Jóns Steffensen í þágu lækningaminjasafns eða semja við Læknafélag Íslands um ráðstöfun þeirra fjármuna.

Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2014

Í skýrslunni [Lækningaminjasafn Íslands](#) (2014) kannaði Ríkisendurskoðun aðkomu ríkisins að stofnun Lækningaminjasafns Íslands og hvernig yrði staðið að söfnun, varðveislu og sýningu lækningaminja eftir að Seltjarnarnesbær hætti rekstri safnsins árið 2012.

Árið 2000 tóku stjórnvöld við erfðagjöf Jóns Steffensen, þ.e. Bygggöörðum 7 ásamt lausafé, frá Læknafélagi Íslands og skuldbundu sig til að nýta gjöfina í þágu lækningaminjasafns. Árið 2007 undirrituðu menntamálaráðherra, bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar og fulltrúar Læknafélags Íslands, Læknafélags Reykjavíkur og Þjóðminjasafns Íslands samning til fimm ára um stofnkostnað, byggingu og rekstur húsnæðis fyrir Lækningaminjasafn Íslands. Bæjarfélagið tók ábyrgð á öllum kostnaðarþáttum vegna reksturs safnsins og byggingu safnahúss að Safnatröð 5. Mennta- og menningarmálaráðuneyti lagði fram 75 m.kr. stofnframlag. Auk þess skyldi nota söluandvirði Bygggarða 7 til að fjármagna bygginguna.

Framkvæmdir hófust í september 2008 og hóf safnið starfsemi í Nesstofu og Bygggöörðum árið 2009. Þá var ljóst að byggingarkostnaður var verulega vanmetinn. Í mars 2009 taldi Seltjarnarnesbær að forsendur samningsins væru brostnar og óskaði eftir að ráðuneytið yki framlag sitt. Af

því varð ekki og árið 2012 sagði bærinn sig frá samningnum og lagði safnið niður. Byggingu hússins lauk aldrei.

Ábendingar árið 2014

Ríkisendurskoðun beindi einni ábendingu til forsætisráðuneytis og tveimur ábendingum til mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2014. Forsætisráðuneyti, sem þá sá um málefni Þjóðmenningar, þyrfti að sjá til þess að Þjóðminjasafn tæki ákvörðun um hvernig fyrirkomulagi söfnunar, varðveislu og sýningar lækningaminja yrði háttað í framtíðinni. Í því sambandi þyrfti að taka tillit til kvaða sem fylgdu erfðagjöf Jóns Steffensen. Í viðbrögðum ráðuneytisins kom fram að ekki væri gert ráð fyrir sjálfstæðu lækningaminjasafni. Nesstofa og heildarsafn lækningaminja væru í vörslu og eigu Þjóðminjasafnsins sem myndi annast faglegt starf í tengslum við minjarnar. Ráðuneytið áleit tryggt að erfðaféð yrði nýtt í þágu lækningaminja.

Ríkisendurskoðun hvatti mennta- og menningarmálaráðuneyti annars vegar til að ganga frá fjárhagslegu uppgjöri við Seltjarnarnesbæ og krefja hann um endurgreiðslu stofnfjár ríkisins næðust ekki samningar um annað. Í viðbrögðum ráðuneytisins kom fram að Seltjarnarnesbær og læknafélagin yrðu upplýst um að ráðuneytið hefði ekki not fyrir fyrirhugað safnahús og að farið yrði fram á uppgjör samkvæmt ákvæði samningsins frá 2007. Hins vegar hvatti stofnunin ráðuneytið til að vanda til samninga við einkaaðila, samtök eða sveitarfélög um verk eða þjónustu. Tryggja þyrfti að kostnaðaráætlanir væru unnar á faglegan hátt, að samningsákvæði væru skýr og að gott eftirlit væri með gerðum samningum og framvindu verkefna. Í viðbrögðum sínum kvaðst ráðuneytið þegar hafa unnið að úrbótum sem ættu að tryggja skýrari samningsákvæði, m.a. um ábyrgð, upplýsingagjöf, eftirlit, samskipti samningsaðila og viðurlög við vanefndum.

Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2017

Í nóvember 2016 óskaði Ríkisendurskoðun eftir því að forsætisráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti lýstu því hvernig þau hefðu brugðist við ábendingum stofnunarinnar frá 2014. Svör bárust í byrjun árs 2017 sem stofnunin fylgdi nánar eftir í september og október 2017.

Í svari forsætisráðuneytis kom fram að málefni þjóðmenningar hefðu færst til mennta- og menningarmálaráðuneytis í janúar 2017. Ráðuneytið vísaði að öðru leyti í viðbrögð Þjóðminjasafns Íslands sem taldi sig hafa brugðist við um leið og starfsemi Lækningaminjasafns Íslands var slitið. Bygggarðar 7 sem hýstu lækningaminjar hefðu verið tæmdir og væru nú allar lækningaminjar Þjóðminjasafns varðveittar í nýju varðveislu- og rannsóknasetri í Hafnarfirði. Lækningaminjar væru til sýnis í Nesstofu og fróðleik um lækningar fléttað inn í sýningar safnsins. Samkvæmt heimildum Ríkisendurskoðunar voru aðstæður í Bygggörðum 7 óviðunandi auk þess sem húsnæðið samræmdist ekki nýju deiliskipulagi Seltjarnarnesbæjar. Eignin var seld bæjarfélaginu fyrir 97 m.kr. í byrjun árs 2017.

Ríkisendurskoðun telur eðlilegt að söluandvirði Bygggarða 7 verði nýtt í samræmi við skuldbindingar ríkisins. Þjóðminjavörður telur að salan hafi verið ein af forsendum þess að Þjóðminjasafn hefur nú til umráða nýtt rannsókn- og varðveislusetur sem hýsir tæplega 122 þús. minjar í eigu safnsins. Þar af eru tæplega 12 þús. lækningaminjar. Því hafi arfur Jóns Steffensen nýst til úrbóta á varðveislu minjanna í samræmi við kvaðir gjafarinnar. Mennta- og menningarmálaráðuneyti telur á hinn bóginn að eftir standi að ráðstafa söluandvirði Bygggarða 7 til uppbyggingar lækningaminjasafns. Það verði gert þegar þar að kemur. Þá telur Læknafélag Íslands að sýning og framsetning lækningaminja sé ófullnægjandi og uppfylli ekki kvaðir gjafagerningsins. Ríkisendurskoðun ítrekar ekki ábendingu sína en gagnrýnir óvissuna um hvort og hvernig erfðagjöf Jóns Steffensen hafi verið eða verði nýtt.

Þrátt fyrir hvatningu Ríkisendurskoðunar hafa stjórnvöld ekki haft samráð við Læknafélag Íslands um fyrirkomulag lækningaminja og lækningaminjasafns. Ríkisendurskoðun hvetur ráðuneytið til að bæta úr því, sérstaklega í ljósi mismunandi sjónarmiða varðandi nýtingu erfðagjafar Jóns Steffensen. Ríkisendurskoðun bendir einnig á hversu varasamt sé að þiggja gjafir með kvöðum sem óvíst sé hvort stjórnvöld geti staðið við. Slíkar gjafir ætti einungis að þiggja að vandlega athuguðu máli.

Í svari mennta- og menningarmálaráðuneytis við ábendingu Ríkisendurskoðunar um að ganga þyrfti frá fjárhagslegu uppgjöri við Seltjarnarnesbæ kom fram að viðræður um endurheimt kostnaðar hefðu reynst árangurslausar. Því hefði verið stofnað til innheimtumáls á hendur Seltjarnarnesbæ. Læknafélag Íslands hefur einnig farið fram á

endurgreiðslu síns framlags. Ríkisendurskoðun gagnrýnir þá töf sem orðið hefur á málinu en ítrekar ekki ábendinguna í ljósi þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til.

Um ábendingu Ríkisendurskoðunar um að vanda þurfi til samninga vísaði mennta- og menningarmálaráðuneyti til fyrri viðbragða sinna. Bætt hefði verið úr gerð samninga á menningarsviði og þeir byggðir á stöðluðu sniðmáti. Það ásamt meðfylgjandi leiðbeiningum sé í endurskoðun vegna nýrra laga um opinber fjármál. Að mati Ríkisendurskoðunar er að finna skýrari ákvæði um ábyrgð og eftirlit í samningum sem unnir eru eftir sniðmátinu. Þó skal tekið fram að þeir samningar sem liggja fyrir og hafa verið unnir eftir sniðmátinu eru jafnan umfangsminni en samningurinn um Lækningaminjasafn Íslands frá 2007. Ekki er víst að fyllilega hafi reynt á alla þá þætti sem Ríkisendurskoðun hvatti til úrbóta á, t.d. hvað snýr að áreiðanleika kostnaðaráætlana. Ríkisendurskoðun ítrekar ekki ábendinguna en hvetur ráðuneytið til að halda áfram úrbótum á þessu sviði.

Um úttektina

Úttekt þessi er unnin með vísan í 6. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um stjórnáskýringuendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofnunin þar megináherslu á að kanna hvort þeir anmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, forsætisráðuneyti, Þjóðminjasafn Íslands og Læknafélag Íslands fengu drög að þessari eftirfylgniskýrslu til umsagnar og þakkar stofnunin þeim fyrir aðstoð og upplýsingar við gerð hennar.